

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



Sjálfsmatsskýrsla

2021–2022

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Innra mat 2021-2022.....	6
2.1 Skólanámskrá og starfsmannahandbók	7
2.2 Könnun á viðhorfi til stoðdeilda skólans	7
2.3 Rannsókn og Greining – Ungt fólk.....	8
2.3.1 Vímuefnaneysla.....	8
2.3.2 Félagslegir þættir.....	8
2.3.3 Covid-tengdar spurningar.....	9
2.4 Fjarkennsla til framtíðar	9
2.5 Skólapúlsinn.....	10
2.6 Nemendakönnun.....	10
2.7 Staðan eftir Verzló.....	11
2.8 Lífið eftir Verzló	12
2.9 Annað	12
2.9.1 Stefnur og áætlanir endurskoðaðar	12
2.9.2 Verklagsreglur.....	12
2.9.3 Skólaþróun.....	13
2.9.4 Umbótaáætlun	14
3. Skólaárið 2022-2023.....	15
4. Heimildaskrá.....	16
5. Fylgiskjöl	17
5.1 Fylgiskjal I – Teymi.....	17
5.2 Fylgiskjal II Verkefnaáætlun (2021-2022).....	18
5.3 Fylgiskjal III - Viðhorfskönnun til stoðdeilda skólans – Niðurstöður	19
5.4 Fylgiskjal IV – Spurningar í kennslukönnun dagskóla vor 2022	26
5.5 Fylgiskjal V – Nemendakönnun Niðurstöður vor 2022.....	29
5.6 Fylgiskjal VI – Könnun meðal útskriftarnema. Samanburður vorið 2021 og 2022.....	35
5.7 Fylgiskjal VII - Könnun meðal nemenda fædda 2000-2002.....	37
5.8 Fylgiskjal VIII – Gátlisti fyrir fjarnámskennara	41
5.9 Fylgiskjal IX – Könnun meðal fjarnámskennara.....	43
5.10 Fylgiskjal X – Niðurstöður úr Skólapúlsinum	46
5.11 Fylgiskjal XI – Lífið eftir Versló – Könnun meðal útskriftarárgangs	48
5.12 Fylgiskjal XII – Verkáætlun næsta árs	50
5.13 Fylgiskjal XIII – Umbótaáætlun úr Bravo Lesson	51

Inngangur

Hér ber að líta sjálfsmatsskýrslu Verzlunarskóla Íslands fyrir skólaárið 2021-2022. Verzlunarskóli Íslands leggur áherslu á að bjóða upp á framúrskarandi náms- og kennsluaðstæður ásamt bestu mögulegu kennslu vel menntaðra kennara. Þess vegna er mikilvægt að vera sífellt að skoða námið og kennsluna, huga að hvað sé hægt að bæta og stefna að því að gera enn betur í dag en í gær. Gæðateymi skólans hefur umsjón með könnunum sem framkvæmdar eru innanhúss og utan, vinnur úr niðurstöðum og kemur með hugmyndir til úrbóta.

Í skýrslunni er samantekt yfir helstu þætti sem unnið var að í skólastarfinu, bæði hvað varðar umbótastarf svo og almenna skólaþróun. Þá er einnig fjallað um framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2022-23.

Um Verzlunarskóla Íslands segir í Skólanámskrá skólans (Verzlunarskóli Íslands, 2019) að hann hafi verið stofnaður árið 1905 af Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Kaupmannafélagi Reykjavíkur. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvíanna hagnýtar viðskiptagreinar saman við annað bóklegt nám. Skólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945 og geta nemendur valið um fjórar bóknámsbrautir. Haustið 2015 byrjuðu allir nýnemar skólans á þriggja ára námi til stúdentsprófs, en fram að þeim tíma var skólinn fjögurra ára framhaldsskóli. Vorið 2018 útskrifuðust tveir árgangar samtímis, fyrsti árgangurinn í 3. ára námi og sá síðasti í 4. ára námsleiðinni.

Innritaðir nýnemar haustið 2021 voru 364 í 14 bekkjardeildum. Einn bekkur á alþjóðabraut, einn bekkur á nýsköpunar- og listabraut, sex bekkir á viðskiptabraut og sex bekkir á náttúrufræðibraut. Fjöldi nemenda haustið 2021 á 2.ári voru 359 og á 3.ári voru þeir 336. Samtals voru 1059 nemendur í dagskólanum í upphafi annar haustið 2021, 678 stúlkur og 381 drengir samkvæmt skráningu í Innu. Ekki voru önnur kyn skilgreind þetta skólaár.

Kennarar dagskólans haustið 2021 voru samtals 86 í tæplega 76,5 stöðugildum. Kynjaskipting meðal kennara var að 66% voru konur og 34% karlmenn. Ekki voru önnur kyn skráð í starfsmannaflórana. Nær allir fastráðnir kennarar voru með réttindi sem framhaldsskólakennarar eða stunda réttindanáms samhliða kennslu. Aðrir starfsmenn voru alls 43. Í yfirstjórn skólans voru fjórir, þrír starfsmenn á skrifstofu, þrír á bókasafni, þrír náms- og starfsráðgjafar, einn sálfræðingur og sjö sem sinna kerfisstjórn, umsjón fasteignar og dagræstingum. Skólinn rekur sitt eigið mötuneyti fyrir starfsmenn og nemendur og var fjöldi starfsmanna þar fimm.

Nánar um starfsemi skólans er vísað í ársskýrslu hans 2021.

https://www.verslo.is/media/skyrslur/Arsskyrsla_2021.pdf

Eins og undanfarin ár bauð skólinn upp á fjarnám á þremur öðrum, vor, sumar og haust. Fjöldi ársnemenda á sumarönn 2021 var tæplega 105, á haustönn 2021 voru þeir rúmlega 65 og tæplega 72 á vorönn 2022. Mæting nemenda í próf var að meðaltali rúmlega 70%. Að öðru leyti er vísað í ársskýrslu fjarnáms 2020-2021. <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/arsskyrslur/>

Innra mat 2021-2022

Í gæðateymi Verzlunarskóla Íslands skólaárið 2021-2022 sátu sjö starfsmenn, Guðrún Inga Sívertsen skólastjóri, Þorkell H. Diego aðstoðarskólastjóri, Sigurlaug Kristmannsdóttir fjarnámsstjóri, Magnea Ragna Ögmundsdóttir skrifstofustjóri, Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir, kennari, Vala Guðný Guðnadóttir kennari, Ingibjörg S. Helgadóttir gæðastjóri og kennari stýrir vinnu teymisins. Gæðateymið hélt reglulega fundi eða 16 alls yfir skólaárið. Auk þeirra var unnið á sameiginlegu svæði í Office 365, Teams og í gegnum tölvupósta.

Sú nýjung var gerð á skipulagi gæðamála haustið 2019 að stofnuð voru þrjú teymi starfsmanna sem hafa ákveðin verkefni á sínum höndum. Eru það kennslu-, viðbragðs- og mannauðsteymi. Á **fylgiskjali I** má sjá hlutverk og skipan hvers og eins teymis auk gæðateymis. Árlega hafa orðið smávægilegar breytingar á teymunum og svo var einnig þetta ár.

Gæðateymið ákvað að prófa samstarf við fyrirtækið *Bravo Lesson* á síðasta skólaári sem sérhæfir sig í að halda utan um gæðastarf skóla í rafrænu formi. Fyrirtækið er sænskt að uppruna og er í samstarfi við breska aðila og svo íslenska. Þó nokkrir íslenskir grunnskólar nota þetta kerfi sem byrjaði hérlendis í maí 2020. Verzlunarskólinn er fyrsti framhaldsskólinn sem skráður er notandi og er því frumkvöðlaskóli á þessu sviði. Nú þegar er umbótaáætlun skólans komin inn í Bravo Lesson.

Í **fylgiskjali II** er verkáætlun sem gæðateymi skólans vann fyrir skólaárið 2020-2021. Reynsla undanfarin ár hefur sýnt að þótt gæðateymið sé með langtímaáætlun og svo verkáætlun hvers skólaárs þá sé yfirleitt eitthvað sem ekki kemst á dagskrá, oftast vegna utanaðkomandi áhrifa. Þá koma oft upp umræður eða atvik sem gefa tilefni til að framkvæma könnun eða grípa inn í fyrirframgerða áætlun og breyta. Það átti einnig við þetta ár.

Þrjú þætti náðist ekki að framkvæma á síðasta skólaári vegna skerts skólstarfs á tímum COVID. Þeir eru áfram á verkáætlun skólaársins 2022-2023. Í staðinn voru nokkrir aðrir þættir teknir inn á skólaárinu sem fjallað verður um hér á eftir.

- *Félagslíf nemenda*. Skólaráðið var búið að gera spurningar sem leggja átti fyrir nemendur í lok skólaárs. Ákveðið var bíða með það og sjá hvort ekki náist á næsta skólaári að hafa félagslíf nemenda með eðlilegum hætti.
- *Móttökuáætlun nýnema*. Ekki náðist að fara yfir móttökuáætlunina en það verður gert strax í haust.
- *Skólabragur*. Fyrir stóð að halda skólaþing í janúar sem ekki reyndist hægt vegna faraldursins. Fyrirhugað er að gera tilraun til þess á næsta skólaári.

Þessi þrjú verkefni bíða því til hausts en eftirfarandi er umfjöllun um verkefni sem voru á dagskrá gæðateymis og niðurstöður kannana sem framkvæmdar voru á skólaárinu.

2.1 Skólanámskrá og starfsmannahandbók

Haustið 2021 var skólanámskráin yfirfarin að venju skv. gátlista fyrir mat á skólanámskrá úr leiðbeiningabæklingi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2016). Undanfarin ár hefur verið farið yfir gátlistann og hefur skólanámskráin uppfyllt öll þau atriði sem gátlistinn tiltekur. Ekki þykir ástæða til að uppfæra gátlista á hverju ári þar sem lítil breyting hefur orðið á námskránni. Ákveðið hefur verið að uppfæra ekki skólanámskrána nema þegar einhverjar breytingar eru gerðar.

Starfsmannahandbók Verzlunarskólans var uppfærð haustið 2021 en hún er uppfærð annað hvert ár. Eintak bæði af skólanámskrá og starfsmannahandbók eru öllum aðgengileg í setustofu starfsmanna og á innra neti skólans. Hér eru hlekkir í [skólanámskrána](#) frá heimasíðu skólans en starfsmannahandbókin er ekki opinber í tölvutæku formi nema starfsmönnum skólans. Hún er staðsett í TEAMS undir Verkferakistunni sem er sameiginlegt svæði allra starfsmanna skólans.

2.2. Könnun á viðhorfi til stoðdeilda skólans

Í október 2021 stóð gæðateymi skólans fyrir könnun á viðhorfi, annars vegar starfsmanna og hins vegar nemenda, til stoðdeilda skólans. Forsvarsmönnum stoðdeildanna var boðið að koma sjálfir með hugmyndir að spurningum sem þeir og gerðu. Könnunin var í formi fullyrðinga á 5-stiga Likert-kvarða, þar sem þátttakendur voru beðnir um að svara hversu sammála þeir væru fullyrðingunum. Auk þess var ein opin spurning þar sem þátttakendur voru beðnir um að segja til um ef þeir hefðu eitthvað sérstakt fram að færa er varðaði stoðdeildirnar. Mörg svaranna voru á þá leið að allt væri í himna lagi eða bara “nei” og neðst í niðurstöðunum eru bara nefnd þau atriði sem voru raunhæf.

Könnunin stóð yfir frá 8. til 15. október og var einnig send út áminning á miðju tímabili. 65 starfsmenn af 118 sem fengu boð um að taka þátt í könnuninni luku henni, eða 55%. Öllu minni þátttaka var meðal nemenda eða 228 af 1053 sem gerir 21%.

Í **fylgiskjali III** eru niðurstöður könnunarinnar sem sýna að lang flestir þátttakendanna eru ánægðir með þá þjónustu sem stoðdeildirnar veita og aðbúnaðinn í skólanum. Ekki verður lesið frekar í gögnin hér þar sem þau ættu að skýra sig sjálf. Þó ber að athuga að í spurningu 13 voru nemendur beðnir um að svara næstu tveimur spurningum aðeins ef þeir settu „Já“ við spurninguna. Það varð einhver misbrestur á því hjá nemendum, svo þau svör voru unnin aftur og eingöngu tekið mið af þeim sem svöruðu „Já“. Þær spurningar eru því tvíteknar og eru þær síðari marktækari en hinar þar sem þeir sem svöruðu „Nei“ höfðu að sjálfsögðu ekki forsendur til að svara spurningum 14 og 15.

Þá þarf líka að hafa í huga að hluti af nemendum skólans hafa ekki verið allan tímann í skólahúsnæðinu vegna COVID og þekkja ekki starfsemi stoðdeildanna eins vel og þeir annars ættu að gera. Einnig þurfum við taka mið af lágu svarhlutfalli við túlkun á niðurstöðum, sérstaklega þátttöku nemenda. Engu að síður þá lítum við svo á, að í stoðdeildum skólans er veitt góð þjónusta og samskipti starfsmanna þar við samstarfsmenn og nemendur er skólanum til sóma.

2.3 Rannsókn og Greining – Ungt fólk

Skólinn var þátttakandi í rannsókn *Rannsóknar og Greiningar* þetta skólaár. Fyrirlögnin var rafræn í þetta sinn vegna þeirra samkomutakmarkana sem Covid-19 hafði í för með sér. Þátttakendur voru þeir dagskólanemendur framhaldsskólanna sem mættir voru í kennslustundir á þeim tíma sem kannanirnar voru lagðar fyrir. Skólinn skipulagði fyrirlögnina með þeim hætti að kennari var ávallt með inni í stofunni og sá til þess að nemendur svöruðu. Spurningalistinn var lagður fyrir í Verzlunarskólanum fimmtudaginn 28. október fyrir hádegi.

Gild svör á landsvísu fengust frá 7300 nemendum af þýðinu og var svarhlutfallið tæp 60,6% og var það mjög misjafnt eftir skólum. Lægst var það um 23% en tíu skólar náðu svarhlutfalli vel yfir 70%.

Svarhlutfall Verzlunarskólans var 78%.

Þeir þættir sem rannsóknin skoðar eru: Vímuefnaneysla, félagslegir þættir og Covid-tengdar spurningar. Hér verður stiklað á stóru um niðurstöðurnar hvað varðar Verzlunarskólann í samanburði við aðra skóla á landinu.

2.3.1 Vímuefnaneysla

Daglegar reykingar eru nánast ekki til í skólanum og afar lítið á landinu öllu. Rafrettunotkun nemenda skólans er svipuð og í öðrum skólum svo og notkun nikótínþúða sem hefur aukist jafnt og þétt síðan árið 2020 þegar þetta var fyrst mælt. Notkun munn- og neftóbaks á landinu er heldur ekki mikil en þá helst meðal stráka 18 ára og eldri og hefur minnkað mikið á undanförunum árum. Athyglisvert er að sjá að ölvun framhaldsskólanema hefur aukist frá því árinu á undan og aðeins meira meðal nemenda Verzlunarskólans en annarra framhaldsskóla. Er það áhyggjuefni og sérstaklega hvað varðar nemendur 18 ára og eldri, öll kyn. Þá virðast Verzlunarskólanemendur blanda áfengi og orkudrykki oftast saman en nemendur annarra skóla og sérstaklega stúlkur yngri en 18 ára. Notkun á maríjuana hefur minnkað jafnt og þétt síðan árið 2010 en 12% nemenda Verzlunarskólans segjast hafa notað maríjuana einu sinni eða oftast um ævina en í samanburðarskólum eru það 25%. Notkun amfetamíns og spice er lítil en þó hafa 7% drengja eldri en 18 ára notað spice einu sinni eða oftast um ævina en 1% jafnaldr þeirra í öðrum skólum. Nemendur framhaldsskóla virðast lítið vera að nota svefntöflur, morfínskyld verkjalyf eða örvandi lyf án lyfseðils en nokkrir samt.

2.3.2 Félagslegir þættir

Í heildina koma spurningar varðandi félagslega þætti ágætlega út hjá nemendum skólans. Örlítið færri Verzlunarskólanemum en jafnöldrum þeirra í öðrum skólum, finnst námið vera tilgangslaust og færri segjast ekki leggja nægjanlega rækt við námið. Þá eru líka færri nemendur skólans sem leiðist námið eða segja að sér líði illa í skólanum. Þær tölur hafa lítið breyst milli ára. Fleiri stúlkum í Verzlunarskólanum en annarra skóla finnst námið vera of þungt og er það svipað hlutfall og árið 2020. Þá virðist nemendum skólans líða ágætlega miðað við samanburðarskólana, en áhugavert er að sjá að líðanin hefur þó versnað eitthvað síðan 2018. Spurning hvort það séu afleiðingar Covid-19 faraldursins.

Framhaldsskólanemar mættu gjarnan sofa meira en tæplega 70% drengja sefur 7 klst eða minna á sólarhring og 71% stúlkna. Notkun á kaffi, kóladykkjum og orkudrykkjum sem innihalda koffein er töluverð og svipuð í Versló og í öðrum skólum. Nemendur Verzlunarskólans eru duglegir að hreyfa sig og örlítið meira en í öðrum skólum og sérstaklega strákar. Varðandi klám og sexting virðast íslenskir framhaldsskólanemendur horfa töluvert á klámmyndir og strákar sýnu meira. Athyglisvert er að sjá að 52% stúlkna í skólanum hafa verið beðnar um að senda ögrandi mynd eða nektarmynd af sér í gegnum netið eða sms og er það sambærilegt og í öðrum skólum (58%). Teljum við þetta mikið áhyggjuefni og þörf á að uppfræða unglunga landsins.

2.3.3 Covid-tengdar spurningar

Verzlunarskólanemendur virðast hafa fundið fyrir meiri streitu en aðrir framhaldsskólanemendur á Covid-19 tímanum. Þeir höfðu svipað miklar áhyggjur af andlegri og líkamlegri heilsu sinni og aðrir nemendur í landinu. Annars voru spurningar tengdar Covid mjög líkar og hjá öðrum nemendum og ekki ástæða til að staldra nánar við þær. Við vonum að þetta tímabil sé liðið og komi aldrei aftur.

Ekki þykir ástæða til að setja eitthvað úr þessari könnun í umbótaáætlun skólans en fylgjast þarf áfram með áfengisnotkun nemenda og notkun á orkudrykkjum og nikótínþúðum. Einnig er til skoðunar að fá fræðslu um stafrænt ofbeldi.

2.4 Fjarkennsla til framtíðar

Í byrjun skólaársins ákvað gæðateymið að vinna markvisst með gæðamál fjarnámsins. Fljótlega hófst umræða með hvaða hætti best væri að standa að því verki og fljótlega kom upp hugmynd með að gera gátlista sem fjarnámskennarar voru beðnir um að merkja við. Í **fylgiskjali VIII** er sá gátlisti. Í kjölfarið var send út Formskönnun sem fjarnámskennarar voru beðnir um að svara og er niðurstöður þeirrar könnunar í **fylgiskjali IX**.

Þá voru fagstjórar beðnir um að fara vel yfir áfangalýsingar og innihald áfanga og bera þá saman við dagskólann. Sérstaklega þykir mikilvægt að innihald sömu áfanga í dagskóla og fjarnámi sé það sama. Gekk sú vinna vel og niðurstaðan var sú að fagstjórar töldu innihaldið sambærilegt þó það væri ekki alltaf alveg nákvæmlega eins.

Loks var skólaþróunartíminn 23. febrúar tileinkaður fjarnáminu með eftirfarandi dagskrá.

1. Stutt innlegg frá fjarnámsstjóra
2. Plúsar og mínusar á INNU versus Moodle. Ásta Henriksen tók saman punkta sem fjarnámsstjóri fór yfir í fjarveru Ástu.
3. Kynning á hvernig Turnitin nýtist kennurum – Gylfi Hafsteinsson, kennslustjóri dagskóla
4. Matsrammar í Turnitin – Myndbandskynning frá Þórhöllu Arnardóttur
5. Matsrammar í Moodle – Kynning frá Halldóru Ósk Hallgrímsdóttur
6. Niðurstöður Formskönnunarinnar meðal fjarnámskennara – Ingibjörg S. Helgadóttir, gæðastjóri.

Þóttist þessi skólaþróunartími takast afar vel og almenn ánægja með dagskrána. Í framhaldi af þessum degi var Þórhalla með námskeið um notkun matskvarða 8. mars. Þá á eftir að gera gæðastaðal en drög hafa verið gerð að honum svo vonandi gefst tími til að vinna hann á komandi hausti.

2.5 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn, nemendakönnun framhaldsskólanna var lagður fyrir í apríl 2022 í þetta sinn. Tilviljunarkennt úrtak var 130 nemendur og svöruðu 116 nemendur eða tæplega 90% af úrtakinu sem má teljast gott. Nemendum var fyrst sent bréf og kóði til að komast inn í rannsóknina af forsvarsmönnum Skólapúlsins. Nokkrum sinnum voru þeir minntir á könnunina í gegnum póst, sms og raddskilaboð. Að lokum fóru meðlimir gæðateymisins og ráku á efir síðustu nemendunum sem reyndar ekki allir gegndu.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að almennt líður nemendum skólans vel, þeir eru ánægðir með skólann sinn og telja sig vera all virkir í námi sínu. Formlegar skyldur þeirra virðast vera meiri en í viðmiðunarskólunum og fjarverur eða seinkomur ívið minni. Í **fylgiskjali X** er að sjá helstu niðurstöður könnunarinnar. Ekki þykir ástæða til að grípa til einhverra aðgerða vegna niðurstaðna þessarar könnunar en áfram er fylgst með ákveðnum þáttum varðandi ánægju og líðan í skólanum.

2.6. Nemendakönnun

Hin álega nemendakönnun fór fram 11. til 18. mars. Könnuninni var að venju skipt niður í almennar spurningar sem allir nemendur svöruðu og svo spurningar um einstaka áfanga sem nemendur sátu á vorönn. Tæp 82% nemenda svöruðu almennu spurningunum sem var töluvert meira en haustið 2020, síðast þegar könnunin var lögð fyrir. En þá svöruðu rúm 71% sem má skýra vegna Covid-faraldursins sem þá var í hámarki. Ánægjulegt er að sjá að meiri hluti nemenda segist hafa eignast vini og kunninga innan bekkjarins og eru það töluvert fleiri en í síðustu könnun þegar nemendur gátu ekki verið í skólanum eins og venjulega vegna Covid. Þeim leið líka mun betur í ár heldur en síðast og telja sig hafa ágæt tók á náminu. Samskiptin í bekknum eru líka mun betri nú en áður og þeir eru ánægðari í hópavinnu (sem líklega var ekki mikil á tímum Covid). Miðannarmatið skiptir nemendur máli en fleiri en síðast þykir það ekki mikilvægt. Þá voru tvær nýjar spurningar um heimasíðuna sem nemendur fara all mikið inn á en ekki allir og þeir sem fara þar inn finnst upplýsingarnar þar nokkuð góðar. Síðasta spurningin í almenna flokknum var til að kanna hvort nemendur þekktu gildi skólans. Voru sett saman nokkur nafnorð í flokkum. Af 807 svörum voru 422 sem þekktu gildin eða ríflega 53%.

Þátttaka varðandi einstaka áfanga var ívið minni en um almennu spurningarnar eða 70,73%. Segja má að þegar litið er á skólann í heild þá séu niðurstöður viðunandi og í samræmi við fyrri kannanir. Viðmið gæðateymisins hefur verið að ef 80% eða fleiri svari A og B þá sé ekki ástæða til að skoða þáttinn nánar. Tvær spurningar voru undir 80% eða 75% eða hvort nemandi þurfi að leggja mikið á sig til að sandast kröfur áfangans og hin hvort honum finnist viðfangsefni áfangans áhugaverð. Í starfsmannaviðtölum fóru skólastjórnendur yfir þá áfanga sem koma illa út og fagstjórar og deildir saman reyna að lagfæra það sem þeir telja geta verið að. Í **fylgiskjali IV** eru spurningarnar og í **flgiskjali V** eru niðurstöður könnunarinnar.

Fyrir nokkrum árum vann gæðateymið verklagsreglur varðandi eftirfylgni með nemendakönnunum og eru þær erfirfarandi:

Eftirfylgni vegna nemendakannanna

1. Gæðateymi skoðar og ræðir, kemur með samantekt úr heildarniðurstöðum og umbótaáætlun.
2. Fagstjórar fá fyrir sín fög og ræða á fagfundum.
3. Skólastjórnendur ræða einstaka áfanga við kennara þeirra í starfsmannaviðtölum, bæði gott og það sem betur mætti fara.
4. Skólastjórnendur ræða við fagstjóra um hvað betur mætti fara í áföngunum.

2.7 Staðan eftir Verzló

Í nokkurn tíma hefur skólinn haft áhuga á að skoða hvernig nemendur okkar standa sig í áframhaldandi námi en verið erfitt m.a. vegna reglna um persónuvernd. Ákveðið var núna að senda út stutta könnun meðal nemenda útskrifaðra 2018 – 2020. Var það gert með því að senda póst á einkanetföng sem nemendur höfðu þegar þeir voru í skólanum. Þá voru þeir sem náðist í beðnir um að senda á þá sem þeir þekktu og t.d. ef þeir væru enn í einhverjum hópum á samfélagsmiðlum. Samtals þessi þrjú ár útskrifuðust rúmlega 1100 nemendur. Könnunin fór fram í Forms og svöruðu 356 nemendur sem er ríflega 30% þeirra nemenda sem útskrifuðust þessi ár.

Í fylgiskjali VII má sjá niðurstöður þessarar könnunar. Sá galli reyndist vera á könnuninni að nemendur virðast hafa misskilið spurningar 7-10 en í þeim spurningum áttu þeir að merkja við fullyrðingar, hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingunni á bilinu 1-5. Ef nemandi merkti við 1 þá var hann mjög sammála en ef hann merkti við 5 þá var hann mjög ósammála. Í niðurstöðunum sjást meðaltöl sem fengust frá nemendum og því hærri sem meðaltalið er því meira ósammála eru nemendur fullyrðingunni. Þegar svörin voru einangruð og fundið hversu margir svöruðu 1, 2 o.s.frv. þá reyndist súlan með svarmöguleika 5 alltaf vera hæst. Hins vegar að þegar opnu svörin eru skoðuð þá kemur í ljós hversu gífurlega ánægðir nemendur hafa verið með dvölinu í Verzlunarskólanum og því erfitt að trúa að niðurstöður ofangreindra spurninga séu réttar. Því er það mat gæðateymis að mjög margir þátttakendur hafi misskilið svarmöguleikana og talið 5 vera mjög sammála en 1 mjög ósammála. Teljum við því þessar spurningar ekki marktækar. Næst þegar þessi könnun verður lögð fyrir munum við gæta þess að breyta orðalagi spurninganna.

Í dag eru 250 þátttakenda í einum af háskólunum á Íslandi eða rúm 70% þátttakenda, 15 eru við nám á Norðurlöndum og 13 í Bandaríkjunum. Þá eru 48 að vinna á Íslandi og 6 að vinna erlendis. Það eru misjafnar greinar sem fyrrverandi nemendur skólans hafa valið en fjölmennast er verkfræðin eða 81, næst vinsælust eru viðskiptatengdar greinar og heilbrigðisgreinar eða 57 (16%).

Þau atriði sem nemendur telja hafa nýst sér best eru ýmsar ákveðnar greinar eins og stærðfræði, eðlisfræði, sálfræði, bókfærsla, lögfræði, erfðafræði o.fl. Önnur atriði sem þó fleiri nefndu og er ekki síður mikilvæg sem undirbúningur undir lífið og áframhaldandi nám eru t.d.

<ul style="list-style-type: none"> • að vinna í hóp • að kynna fyrir framan fólk • kennsluhættir • skrifa skýrslur og verkefni • word og excel • að taka lokapróf • námstækni 	<ul style="list-style-type: none"> • mannleg samskipti • lærdómsmetnaður • að undirbúa sig fyrir próf • lærði að læra • siðfræði • skipulag og ábyrð á eigin námi • þátttaka í félagslífi
--	--

2.8 Lífið eftir Verzló

Um miðjan apríl var send út könnun til allra væntanlegra útskriftarnemenda og þeir beðnir um að setja til um hvað þeir hygðust fyrir næsta ár. 116 nemendur svöruðu sem lætur nærri að hafi verið þriðjungur nemenda á þriðja ári. Þrjár spurningar voru lagðar fyrir nemendur, sú fyrsta um á hvaða braut og línu þeir væru og önnur um hvað þeir hygðust gera næsta ár og voru nokkrir valmöguleikar í boði. Rúmlega 45% stefna á að fara í háskólanám á Íslandi, 37% nemenda hyggjast fara í HR eða HÍ og 18% er enn ókveðinn um hvað þeir hyggjast gera. 14 eða tæp 9% stefna á Norðurlöndin í nám og samtals í nám erlendis ætla 24 eða tæp 15%.

Í fylgiskjali XI má sjá myndrit af niðurstöðum þessara tveggja spurninga. Samanburður tveggja síðustu ára má sjá á fylgiskjalinu og er áhugavert að sjá hversu fleiri ætla að fara í HÍ í ár en HR hafði vinninginn árinu áður. Þriðja spurningin var um hvernig valgrein nemendur sæju fyrir sér. Fjölmargar hugmyndir bárust og munu skólastjórnendur skoða þær hugmyndir.

2.9 Annað

2.9.1 Stefnur og áætlanir endurskoðaðar

Að venju voru nokkrar stefnur og áætlanir endurskoðaðar eða gerðar. Fyrir nokkrum árum var ákveðið að stefnur og áætlanir yrðu endurskoðaðar á þriggja ára fresti eins og önnur gæðamál skólans. Þetta skólaár var gerð stefna í upplýsingatækni frá grunni. Öryggisáætlun, rýmingaráætlun og starfsmannastefna voru yfirfarnar og endurbættar. Þá voru skólareglurnar yfirfarnar og endurbættar og munu þær verða kynntar næsta skólaár.

2.9.2 Verklagsreglur

Verklagsreglur eru gerðar og endurskoðaðar eftir þörf. Í ár var ákveðið að gera verklagsreglur við starfslok, andlát starfsmanna og nánna ættingja þeirra svo og andlát nemenda. Þá var gerð verklagsregla yfir óskilamuni. Allar verklagsreglur eru vistaðar í Verkfærakistu starfsmanna inni á TEAMS eins og annað sem gæðateymið gerir.

2.9.3 Skólaþróun

Hefð er orðin fyrir því að halda það sem við köllum „vinnudaga“. En þá daga er kennt fram að hádegi og frí gefið frá kennslu efir hádegi og sá hluti dagsins tileinkaður skólaþróun í formi endurmenntunar eða sameiginlegri vinnu starfsmanna. Er þetta liður í því að koma á lærdómssamfélagi þar sem við miðlum og lærum hvert af öðru. Hafa þessir vinnudagar alltaf gengið vel og margvísleg þekking og kunnátta sem fer frá einum starfsmanni til annars. Einnig fáum við fyrirlestra um ýmis mál bæði hvað varðar fagmennsku og vellíðan starfsmanna.

Menntabúðir á Marmaranum

Miðvikudaginn 22. september voru haldnar svokallaðar menntabúðir á Marmaranum. Þá kynntu nokkrir kennarar það helsta nýja sem þeir voru að gera í sínum fögum. Mæltist þetta vel fyrir og margt áhugavert var að sjá þar. Nánar um þessa samvinnu má lesa á heimasíðu skólans:

<https://www.verslo.is/frettir/menntabudir-a-marmara>

Leiðsagnarnám – fyrirlestur

Miðvikudaginn 19. janúar á starfsmannafundartíma hélt Nanna K. Christiansen erindi um leiðsagnarnám. Því miður leyfðu takmarkanir vegna Covid ekki að hún kæmi í eigin persónu heldur hélt hún erindið í gegnum fjarfundarbúnað. Voru kennarar ánægðir með að fá þennan fyrirlestur og vonandi fer leiðsagnarnám að verða stærri hluti af kennslu- og námsháttum við skólann.

Heilsueflandi vinnustaður

Eitt af gildum skólans er vellíðan og vilja stjórnendur leggja sitt að mörkum til að öllum starfsmönnum sem og nemendum líði vel í skólanum. Ákveðið var að Verzlunarskólinn yrði meðal heilsueflandi vinnustaða sem Landlæknisembættið ásamt fleirum hafa nýlega sett á laggirnar. Mannauðsteymið með skólastjóra í forystu sótti fundi á vegum þessara aðila og undirbjó innleiðingu heilsueflingarinnar. Ákveðið var að tileinka hreyfingu fyrstu skrefin og í því skyni voru keyptir drykkjarbrúsar fyrir starfsmenn með lógói og gildum skólans ásamt nafni hvers og eins starfsmann. Þetta var kynnt í febrúar fyrir starfsmönnum og mæltist vel fyrir. Skólinn tók þátt í Lífshlaupinu og var góð þátttaka í skólanum og hvatti mannauðsteymið starfsmenn óspart til dáða og endaði skólinn í 10. sæti. Er það ósk skólans að þetta framtak hvetji til hreyfingar og holls lífsstíls.

Á vordögum var ákveðið að fá *Saga Story House* til að hanna rýmið inn af mötuneyti starfsmanna með vellíðan í vinnunni í huga. Eru það Guðbjörg Björnsdóttir iðjuþjálfari og Ingibjörg Valgeirsdóttir MBA og uppeldis- og menntunarfræðingur sem eru eigendur fyrirtækisins. Rýmið var unnið út frá rannsóknum á áhrifum umhverfis og náttúru á líðan, endurheimt, starfsorku og streitulosun. Stuðst var við hugmyndafræði iðjuþjálfunar, vinnuvistfræði, jákvæðrar sálfræði um heilsueflandi vinnuumhverfi svo og Biophilic Design með fagurfræði í forgrunni. Við hönnun rýmisins var lögð áhersla á sögu skólans, samsköpun, flæði og hjarta og markmiðið að rýmið nýttist starfsmönnum við streitulosun og endurheimt. Hefur nýtt útlit rýmisins mælt vel fyrir hjá starfsmönnum og þykir afar notalegt að setjast þar inn og róa hugann frá amstri dagsins. Fyrirhugað er að fá uppástungur frá starfsmönnum með nafn á rýmið og velja svo út frá nokkrum hugmyndum.

Fjarkennsla til framtíðar

23. febrúar var starfsmannafundurinn helgaður fjarnáminu þar sem gæðateymið sá um kynningar á hinu ýmsu efni. Nánar var fjallað um þennan dag hér framar í skjalinu.

Menntabúðir með MH

Föstudaginn 19. mars voru haldnar menntabúðir með starfsfólki MH. Dagskráin hófst í Verzlunarskólanum eftir hádegið, þar sem mismunandi fög og deildir buðu MH-ingum í stofu með sér og kynntu það sem efst var á baugi hjá viðkomandi fagi/deild. Síðan var gengið upp í MH þar sem starfsmenn beggja skóla kynntu sitthvað það sem þeir eru að gera. Dagurinn endaði með sameiginlegri máltíð í MH. Almenn ánægja var með þennan dag og nokkuð víst að hann verður endurtekinn síðar.

Þróunarstarf – Samþætting og Samvinna



Farið var af stað með undirbúning þróunarverkefnis skólaárið 2021-2022 undir yfirskriftinni „Samvinna og sjálfræði“. Auglýst var eftir áhugasömum þátttakendum og skráðu sautján kennarar sig til leiks. Hópurinn fékk tíu tíma á haustönn til þess að undirbúa verkefnið og tekinn var frá tími í töflu fyrir samvinnu þátttakenda. Hugmyndafræðin að baki verkefnisins er m.a. sótt í aðalnámskrá framhaldsskóla, stefnu skólans, skólaping og nýlegar íslenskar og erlendar menntarannsóknir. Markmiðið er að í verkefninu þjálfist nemendur í hæfni sem talin er mikilvæg fyrir framtíðarstörf eins og til dæmis að sýna frumkvæði og leita lausna. Unnið verður þvert á fög.

Þessu samþættingarverkefnum verður hleypt af stokkunum á haustönn 2022. Allir nemendur á fyrsta ári taka þátt verkefni sem byggist á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Nemendur á 2. ári á alþjóðabraut munu vinna verkefni sem snýst um að stofna góðgerðarfélag og láta gott af sér leiða og nemendur á 3. ári á nýsköpunar- og listabraut munu gefa út „lifandi“ tímarit. Að verkefnum loknum verður skoðað hvernig til tókst og hvernig hægt verður að þróa verkefni áfram.

2.9.4 Umbótaáætlun

Eins og komið hefur fram þá byrjaði skólinn síðastliðinn vetur að vera með umbótaáætlun sína inni í Bravo Lesson. Meðal þess efnis sem þar er sett inn er umbótaáætlun skólans. Þar inn fóru allar ábendingar úr ytra matinu og fleira sem þar fer inn, m.a. úr innanhúss könnunum og utanaðkomandi rannsóknum. Það sem er svo áhugavert við Bravo Lesson er að alltaf má sjá í myndritum gang verkefna. Hér til hliðar er umbótaáætlunin eins og hún leit úr í júní 2021 (efri myndin) og síðan í júní 2022. Blái liturinn er tákni um verkefni sem eru í vinnslu, græni liturinn eru verkefni sem lokið er við, grái liturinn eru verkefni sem ekki er byrjað á. Eins og sjá má er græni liturinn orðinn stærsti hlutinn, sem sýnir verkefni sem búið er að loka. Mörg þessara verkefna komu í kjölfar ytra mats sem framkvæmt var árið 2020. Fyrir áhugasama er hér hlekkur í niðurstöður ytra matsins sem er á heimasíðu skólans.

[Ytra mat – skýrsla.](#)



Í fylgiskjali XIII er að sjá umbótaáætlunina sem prentuð er út úr Bravo Lesson. Fyrirhugað er á haustönn að fara yfir áætlunina og sjá hvað hægt er að gera í vetur til að ljúka við fleiri verkefni.

3. Skólaárið 2022-2023

Á vorönn 2022 vann gæðateymið verkefnaáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 sem sést í fylgiskjali XII. Mótaðist hún að mestu af 3ja ára langtímaáætlunum bæði verkefna og fyrir stefnur og áætlanir. Þá bættust við þau atriði sem ekki náðist að ljúka við síðasta ár. Fyrirhugað er að gæðateymið hittist hálfsmánaðarlega og oftast ef þörf þykir. Á dagskrá eru nokkrar innanhúss kannanir, hin árlega nemendakönnun verður í nóvember þar sem aðal áherslan er á nám og kennslu. Þá er fyrirhugað að gera starfsmannakönnun í febrúar og er ekki enn ákveðið hvort hún verður gerð hér innanhúss eða hvort við fáum utanaðkomandi aðila til að sjá um þá könnun. Þá tekur skólinn þátt í rannsókninni Skólalúpsinn en ákveðið hefur verið að gera það eftirleiðis á hverju ári, en um skeið höfum við látið nægja að taka þátt annað hvert ár. Þá er einn kennari að útskrifast úr meistaranámi kennslufræða og lokaverkefni hans fjallar m.a. um útskrifaða nemendur héðan úr skólanum. Verður áhugavert að sjá niðurstöður hennar. Loks verður kannað viðhorf nemenda til félagslífsins í skólanum en sú könnun hefur verið á dagskrá í tvö ár. Vegna Covid þótti ekki raunhæft að gera þessa könnun þar sem félagslíf nemenda lá niðri. Líklegt er að við munum setja nokkrar spurningar inn í nemendakönnunina frekar en að gera sér könnun.

Eins og önnur ár verða nokkrar áætlanir og stefnur endurskoðaðar og gerðar þar sem þær vantar. Hafa það verið teymin þrjú, kennsluteymi, mannauðsteymi og viðbragðsteymi, sem hafa annast það starf og gæðateymið farið yfir og samþykkt. Á dagskrá er að halda skólaþing í janúar þar sem lögð verður lokahönd á samskiptasáttmálann sem unninn var á síðasta skólaþingi sem haldið var á vorönn 2019. Hugsanlega verður þörf á að byrja frá byrjun aftur vegna þess að nú er það nýr nemendahópur sem mun sitja skólaþingið.

Ýmisleg önnur vinna er á dagskrá á næsta skólaári. Þróunarstjórnir munu halda utan um þverfaglegt þróunarstarf sem kynnt var hér að framan og í lok skólaársins mun vera gerð könnun um það hvernig til tókst. Verður mjög spennandi að sjá verkefnið þróast og raungerast. Líklega telst þetta verkefni eitt stærsta þróunarverkefni innan kennslufræði í skólanum, að minnsta kosti hin síðari ár. Þá verður áfram hugað að „Heilsueflandi vinnustað“ og í haustferð starfsmanna í byrjun skólaársins verður boðið upp á Þórsmerkurferð með göngu. Vinnudagar verða teknir reglulega þar sem hugað er að áhugaverðum fyrirlestrum, námskeiðum og fleiru sem nýtast kennurum og öðrum starfsmönnum í starfi og lífinu sjálfu.

Auk gæðateymisins eru það teymin þrjú og þróunarstjórnir sem koma að umbótastörfum og skólaþróun, svo og aðrir þegar þurfa þykir.

Reykjavík, ágúst 2022

Ingibjörg S. Helgadóttir, gæðastjóri.

4. Heimildaskrá

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2016). Sigríður Sigurðardóttir. *Leiðbeiningar um innra mat framhaldsskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.


Verzlunarskóli Íslands. (2022). *Skólanámskrá Verzlunarskóla Íslands 2020-2021*. Sótt af <https://www.verslo.is/media/skolanamskrar/Skolanamskra-Verzlunarskola-Islands-2021-2022.pdf>

Verzlunarskóli Íslands. (2022). *Ársskýrsla Verzlunarskóla Íslands 2021*. Sótt af https://www.verslo.is/media/skyrslur/Arsskyrsla_2021.pdf

Verzlunarskóli Íslands. (2022). *Ársskýrsla fjarnáms Verzlunarskóla Íslands 2020-2021*. Sótt af: <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/arsskyrslur/>

5. Fylgiskjöl

5.1 Fylgiskjal I – Teymi



5.2 Fylgiskjal II Verkefnaáætlun (2021-2022)

Skólastjórnendur	Námsráðgjafar	Kerfisstjóri	Deildir	Gæðastjóri	Gæðateymi	Nemendur	Teymi/Deildarstj	Verkþættir:	ág.21	sep.21	okt.21	nóv.21	des.21	jan.22	feb.22	mar.22	apr.22	maí 22	Verklök
V							ÞD	Endurskoða skólanámskrá	V	V									X
				V	V			Sjálfsmatsskýrsla 2020-2021	V										X
				V				Endurgera starfsmannahandbók		V									X
V	V		V	V	V		V	GIS/Þst Vinnudagar /Endurmenntun		V			V	V					X
					V			Nemendakönnun - (auka)aðbúnaður, mötuneyti ofl.			V								X
					V			Starfsmannakönnun - aðbúnaður, mötuneyti o.fl.			V								X
V					V			Skólapúlsinn									V		X
	V				V			Kennslukönnun . Undirbúa spurningar					V						X
V	V				V			Kennslukönnun . Framkvæmd							V				X
	V			V	V			Kennslukönnun Úrvinnsla og birting							V				X
							VT	Rýmingaráætlun - fara yfir				V							X
							VT	Umhverfisstefna - fara yfir									V		x
							MT	Starfsmannastefna - fara yfir				V							X
							KT	Stefna í notkun upplýsingatækni			V								X
							KT	Móttökuáætlun nýnema - fara yfir							V				
V				V	V		IE	Skilvirkni - skoða árangur nema útskr.										V	X
V					V	V	Skólar áð/GIS	félagslíf nemenda				V							
					V			Skilvirkni - könnun meðal 3. árs nem (auka)									V		X
					V	V		Skólabragur - Samskiptasáttmáli - Skólaþing					V						
					V			Fjarnámskennarar/ - áfangar - nokkrar sp					V						x
				V	V			Gera tímaáætlun fyrir skólaárið 21-22									V		X
V				V	V			Gera umbótaáætlun fyrir skólaár 2021-2122									V		X

5.3 Fylgiskjal III - Viðhorfskönnun til stoðeilda skólans – Niðurstöður

Svör starfsmanna t.v. og nemenda t.h.

1. **Bókasafn**

Ég er ánægð(ur) með þjónustu bókasafnsins.

[More Details](#)

Mjög sammála	60
Frekar sammála	2
Hlutlaus	3
Frekar ósammála	0
Mjög ósammála	0



2. Ég er ánægð(ur) með úrval gagna (bækur, fartölvur o.fl.) til útláns á bókasafninu.

[More Details](#)

Mjög sammála	51
Frekar sammála	6
Hlutlaus	8
Frekar ósammála	0
Mjög ósammála	0



3. Ég er ánægð(ur) með afgreiðslutíma bókasafnsins.

[More Details](#)

Mjög sammála	52
Frekar sammála	5
Hlutlaus	8
Frekar ósammála	0
Mjög ósammála	0

1. **Bókasafn**

Ég er ánægð(ur) með þjónustu bókasafnsins.

[More Details](#)

Mjög sammála	171
Frekar sammála	40
Hlutlaus	7
Frekar ósammála	0
Mjög ósammála	0



2. Ég er ánægð(ur) með lesaðstöðu bókasafnsins.

[More Details](#)

Mjög sammála	118
Frekar sammála	65
Hlutlaus	31
Frekar ósammála	3
Mjög ósammála	1



3. Ég er ánægð(ur) með úrval gagna (bækur, fartölvur o.fl.) til útláns á bókasafninu.

[More Details](#)

Mjög sammála	139
Frekar sammála	59
Hlutlaus	17
Frekar ósammála	3
Mjög ósammála	0



4. Ég er ánægð(ur) með afgreiðslutíma bókasafnsins.

[More Details](#)

Mjög sammála	132
Frekar sammála	63
Hlutlaus	12
Frekar ósammála	11
Mjög ósammála	0



5. **Matbúð**

Ég er ánægð(ur) með vöruúrvalið í Matbúð.

